

Nr. 048 / 15 Auður SH 611**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6110
Smíðaður: Hafnarfjörður 1979, plast
Stærð: 2,17 brl. 3,71 bt.
Mesta lengd: 7,55 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 0,70 m
Vél: Kínversk TD
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNSA



Auður©Jón Halldórsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. maí 2015 var Auður SH 611 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður:

Á veiðunum bilaði startari og óskað var eftir aðstoð. Petra ST 20 kom á staðinn og dró Auði til hafnar í Grundarfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipt var um startara og settur nýr;
- að skipt hafði verið um vél í bátnum um ári áður og sett í hann kínversk vél af tegundinni TD. Samkvæmt skipaskrá Samgöngustofu höfðu þessi vélaskipti ekki verið skráð þar þrátt fyrir að haffærisskírteini hafi verið gefið út 27. apríl 2015;
- að skoðunarstofa hafði ekki tilkynnt Samgöngustofu um vélaskipti eins og henni bar að gera samkvæmt verklagsreglu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en átelur óvönduð vinnubrögð við skoðun skipsins.